

VATNAMÆLINGAR
6 Skulagvinnu
-frumrit-

FOSSÁ, ÓLAFSVÍK.

Vatnsrennslis-mæling; 25. febr. 1950.

Undirritaður (Sigurjón Rist) og Bárður Daníelsson, verkfr. fóru til Ólafsvíkur með v/s SKJALDBREID, sem lagði úr höfn í Reykjavík, kl. 10 föstudagskvöld 24. febr. 1950.

Komið var til Ólafsvíkur kl. 9 næsta morgun. Við Bárður fengum einn aðstoðarmann hvor. Hr. Þorgils Stefánsson, kennari aðstoðaði mig við vatnsrennslismælingarnar.

Svell haldi vatnsmælana. Áin var að mestu þiljuð, aðeins augu hér og þar. Snjór var lítill í Ólafsvík, en mikil fönn lá á úrkomusvæði Fossár, strax og kom upp fyrir 300 m hæð.

Til þess að nákvæmar vatnsrennslismælingar næðust, varð að brjóta niður ísinn og verka burt mikið af lausum steinum úr botni árinnar.

Vatnsmagnið var sem hér segir:

Eystri-kvísl	640 l/s	úrkomus. er	7,5 km ²	= 85 l/s pr km ²
Vestari-kvísl	<u>180 l/s</u>	" "	<u>2,5 "</u>	<u>= 72 l/s " "</u>
Samtals:	820 l/s	" "	10,0 "	82 l/s " "

Fossá, stíflust. 840 l/s " " 10,0 " = 84 l/s " "

Veðurlýsing: SA2 + 2°

Vatnshiti:	Eystri-kvísl	0,85°C
	Vestari-kvísl	0,00°C
	Fossá, st.st.	0,70°C

Aðstoðarmaður minn, Þorgils Stefánsson, tók að sér að annast reglubundnar hitamælingar árinna. Næstu nótt (aðfaranótt sunnud. 26. febr.), kom hláka af suðri með skúraleiðingum, svo að vatnsmagn árinna hefur aukizt skjótt. Á laugardaginn var því síðasta tækifærið að mæla vatnsrennslið í lok frosthörkutímabils.

Veðurathugunarstöð er á Sandi, og nú hefur hr. veðurfr. Hlynur Sigtryggsson, gefið mér upp, að samkvæmt skýrslum hennar muni leysing ekki hafa átt sér stað á úrkomusvæði Fossá ofan við 200 m hæð, síðan 28. jan. sl.

Reykjavík, 27. febr. 1950.

Sigurjón Rist
(sign.)